

Kæru útskrifarnemar, skólameistari, starfsfólk og aðrir gestir

Ég heiti Arna Dögg Hjaltalín og útskrifaðist af félagsfræðibraut í maí 2016.

Það er skrýtin tilfinning að standa hér og minnst þess að það séu liðin 5 ár síðan ég útskrifaðist frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Því það er eitthvað svo ótrúlega langt síðan það var en samt svo stutt.

Ég hugsa með miklum hlýleika til þessa tíma sem ég var nemandi hér, þó svo að það hafi líka verið krefjandi á köflum og í raun kaflaskipt því ég var ekki alveg tilbúin í þetta strax eftir grunnskóla en naut þess vel þegar að því kom að ég ákvað að klára þetta. Það að vera í litlum skóla eins og FSN eru mikil forréttindi, allir þekkja alla og kennararnir þekkja nemendur sína og öfugt. Kennararnir læra á styrkleika okkar og hjálpa nemendum að finna hvar styrkleikarnir liggja. Skóli eins og FSN skiptir miklu máli fyrir samfélög eins og okkar hér á Snæfellsnesi, ég er næstum viss um að ég hefði ekki klárað skólann ef hann hefði ekki verið hér í nágrenninu svona miðað við hvar ég var stödd í lífinu, komin með mann og lítinn son. FSN gaf mér tækifæri til að mæta þegar ég hafði tök á, aðgengi að kennurunum var svo gott að það var alltaf hægt að senda á þá línu í gegnum skilaboð eða koma i verkefnatíma og fá nánast einkakennslu. Þetta form hentaði mér einstaklega vel og auðvelt var að samræma það fjölskyldulífinu. Eftir útskrift hef ég velt fyrir mér hvað mig langar til að verða þegar ég verð stór, en lífið tók yfir í smá tíma svo ég hef ekki

enn komist alveg að þeirri niðurstöðu þó ég sé líklega alveg hætt að stækka. Í dag er ég að vinna sem stuðningsfulltrúi í Grunnskólanum í Stykkishólmi og ákvað því að skrá mig í stuðningsfulltrúanám við Borgarholtsskóla og útskrifast ég þaðan næstkomandi föstudag. Þar fann ég hversu heppin við erum með FSN og fámennið. Enn ligg ég undir feld og kemst vonandi að niðurstöðu fljótlega hvað ég ætla að taka mér fyrir hendur þegar ég verð stór, það er bara úr svo mörgu að velja. Ég lít einnig á það sem mikinn kost að geta horft til framtíðar vitandi að hér er skóli fyrir börnin mín, það munar svo ótrúlega miklu sem foreldri að geta hugsað til þess að börnin mín geta farið í skólann okkar Hafþórs mannsins mín og þurfa ekki að fara að heiman fyrr en þau eru orðin fullorðin. Það eykur mikið á gæði samfélaga að hafa aðgengi að skóla eins og þessum.

Kæru nýstúdentar

Ég get eiginlega ekki ímyndað mér hvernig síðustu annir hafa verið fyrir ykkur, mér hefur oft verið hugsað til ykkar, hvernig covid hefur gjörbreytt öllu skólahaldi og þá kannski mest félagslífinu sem er svo skemmtilegt á þessum aldri þar sem maður getur leyft sér að njóta áhyggjulaus. Ég dáist af ykkur að hafa haldið þetta út.

Fram undan er lífið og ákvörðun um hvað þið viljið gera í framtíðinni, tækifærin eru mörg og margt í boði, þó er rétt að hafa í huga að sú ákvörðun sem þið takið þarf ekki að vera endanleg, það kveikna oft aðrar hugmyndir þegar maður

er byrjaður í námi auk þess sem námstækifærin fylgja okkur út lífið. Maður er aldrei of gamall til að læra, auk þess að allt nám er til einhvers gagns.

Þau ráð sem mig langar að gefa ykkur í dag er að muna eftir að njóta lífandi stundar og lífsins, maður veit aldrei í hvaða átt lífið tekur mann eða hvaða verkefni maður fær í fangið. Lífið er núna það er svo mikilvægt að njóta alls þess sem það býður upp á.

Kæru nýstúdentar til hamingju með daginn og bjarta framtíð.

Takk fyrir.